

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun vistgerða 2022 – Stokkseyri, Eyrarbakki - sjávarfitjungsvist

Svæðið er staðsett í efri mörk fjöru við Knarrarósvita nálægt Stokkseyri. Markmið verkefnisins var að endurtaka gróðurmælingar Náttúrustofu Suðurlands frá 2013 á fyrirliggjandi sniði. Heiti sniðsins er RN-65-03 og var þegar búið að stika sniðið eftir síðustu gróðurmælingu. Vistgerð sniðsins er sjávarfitjungsvist sem einkennist af sjávarfitjungi (*Puccinellia coarctata*), kattartungu (*Plantago maritima*) og túnvingli (*Festuca rubra*).

Framkvæmd

Stokkseyri var heimsótt þann 24. ágúst 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) um vöktun vistgerða. Hér var einungis eitt snið og hafði Náttúrustofa Suðurlands stikað sniðið og framkvæmt síðustu gróðurmælingu þar árið 2013. Starfsfólk Náttúrustofu Suðvesturlands hafði ekki fengið nægilegar upplýsingar um þetta snið áður en farið var á svæðið og því urðu hnitin á smáreitunum ekki þau sömu í ár og í gróðurúttektinni árið 2013. Þá voru átta smáreitahnit, en í ár átti einungis að nota sex þeirra (sleppt var hnitum nr. 2 og 7 skv. leiðbeiningum frá NÍ). Jarðvegssýni voru tekin á hverju sniði og send til NÍ til frekari greiningar. Jarðvegisdýpt var þar að auki mæld við alla smáreiti. Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af jarðvegssýnum og smáreitum. Fjöldi og þekja æðplöntutegunda var metin í hverjum smáreit og skráð skv. Braun-Blanquet kvarða, en einnig var skráð niður heildarþekja, gróðurhæð, jarðvegsraki, jarðvegsgerð og lega hvers reits, ásamt vistgerð og gróðurfélag hvers sniðs. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælur, naglar, 33x100 cm rammi, GPS tæki, málband, tommustokkur, myndavél (sími), bréfpokar, plastpokar, lúpa, jarðvegsbor, dýptarmælir, tveggja metra mælistika, hnífur og sleggja. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð við tegundagreiningar. Sýni voru tekin af grösum sem erfitt reyndist að greina í folti og voru þau fullgreind síðar.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÍ og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um ítarlegri greiningu gagnanna en hér eru helstu niðurstöður sem Náttúrustofan gerir grein fyrir:

Svæðið er töluvert mishæðótt, með stórgrýttum dældum í graslendinu (1. mynd). Jarðvegur einkenndist af sandi og klöppum.



1.mynd: Yfirlitsmynd af sniðinu sýnir hvernig stór hluti af sniðinu er grýttur.

Tegundasamsetningin af plöntum á þessu sniði hefur breyst frá árinu 2013 fyrir utan þær tegundir sem einkenna sjávarfitjungsvistir, þ.e. sjávarfitjungur, kattartunga og túnvingull. Árið 2013 var að finna skarfakál (*Cochlearia officinalis*) og hrímblöðku (*Atriplex glabriuscula*) í sniðinu, en í ár var skráð melgresi (*Leymus arenarius*), varpafitjungur (*Puccinellia capillaris*), hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*).

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Vöktun vistgerða við Stokkseyri fór síðast fram árið 2013 og hefur tegundasamsetning svæðisins breyst síðan þá. Því væri ef til vill ráðlagt að stytta tímann sem líður á milli úttekta og halda áfram að fylgjast með gróðurbreytingum á svæðinu.